MMF 02.011

Sandspörtlun grófhúðaðra lofta og hraunáferð

FLOKKUR	VERKÞÆTTIR	MÆLING
02 Loft og veggir	5	Fermetrar

VERKÞÆTTIR

1. Steinslípa.
2. Sandspartla tvær umferðir.
3. Slípa lauslega.
4. Hraunáferð með sandspartli.
5. Frágangur og tiltekt.

MÆLING OG UPPGJÖR

- Loft mælast í fermetrum.
- Þau op sem eru stærri en 2 m² dragast frá þ.e. það sem umfram er 2 m². (þ.e.a.s. 10 m² op, þá dregst 8 m² frá og tveir standa eftir, vegna vinnu við frágang við op, t.d. gluggaop, o.s.frv.)
- Kantar inn að gluggum mælast með loftum, þ.e. ljósop gluggans er minnkað sem nemur kantinum.
- Úthornalistar ekki innifaldir í fermetraverði og þurfa að mælast sér sem heildarlengdarmetrar.